

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Haldinn 21. ágúst 2026 á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30 kl. 13:00.

Setning fundar.

Ása Valdís Árnadóttir, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og lagði til að Guðmundur Haukur Jakobsson verði fundarstjóri og Freyja Sigurgeirsdóttir fundarritari fundar. Var það samþykkt samhljóða.

Guðmundur Haukur tók við fundarstjórn og kynnti fyrirkomulag atkvæðagreiðslu en 19 fundargestir eru mættir með atkvæðarétt fyrir hönd aðildarsveitarfélaga.

1. Inntaka nýrra aðildarsveitarfélaga

Fram kom að tvö sveitarfélög hefðu óskað eftir aðild að samtökunum, þ.e. Eyja- og Miklaholtshreppur og Vesturbyggð. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Eyja- og Miklaholtshreppur og Vesturbyggð verði samþykkt sem aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar,

Ása Valdís fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fyrir fundinn og fylgdi fundarboðinu.

3. Ársreikningar samtakanna,

Jónína Brynjólfsdóttir, gjaldkeri, fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2024 og 2025. Árið 2024 var afkoma ársins neikvæð upp á 1,4 m. kr. en árið 2025 var afkoma ársins jákvæð upp á 221 þús.kr.

Ársreikningar voru staðfestir.

4. Fjárhagsáætlun samtakanna

Bryndís Gunnlaugsdóttir, starfsmaður samtakanna fór yfir tillögu að fjárhagsáætlunum 2027 og 2028. Áætlaðar rekstrartekjur eru 6.350.000 kr. bæði 2027 og 2028. Rekstrargjöld eru áætluð 6.170.000 kr. árið 2027 og 6.370.000 kr. árið 2028. Áætluð afkoma ársins er 233.000 kr. árið 2027 og 33.000 kr. árið 2028.

Fjárhagsáætlunin byggir á þeim forsendum sem útlistaðar eru í dagskrárlið 5: *Ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar* og tengjast þessir dagskrárliðir því náið.

Fjárhagsáætlun er samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar,

Fundarstjóri kynnir tillögur stjórnar um óbreytt árgjald.

1–1.000 íbúar: 150.000 kr.

1.001–3.000 íbúar: 250.000 kr.

3.001–5.000 íbúar: 350.000 kr.

5.001+ íbúar: 550.000 kr.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kynnir tillögu stjórnar um þóknun stjórnar og fyrirkomulag greiðslna til aðal- og varamanna.

Stjórnarlaun verði 1,2% af þingfararkaupi, nú 20.012 kr. fyrir hvern fund. Formaður: 2,2% af þingfararkaupi, nú 36.689 kr. fyrir hvern fund.

Tillagan miðast við að allir 12 stjórnarmenn, aðalmenn og varamenn, verði boðaðir á stjórnarfundum og fá greitt fyrir hvern fund og sömu reglur gilda um fundarsetu og ferðakostnað aðal- og varamanna. Áætlunin gerir ráð fyrir átta stjórnarfundum. Er þessi tillaga lögð fram í samræmi við vinnubrögð stjórnar síðustu 10 ár.

Opnað var fyrir umræður um þennan lið. Umræður fóru fram varðandi fjölda stjórnarmanna og hvort hann væri of mikill. Ástæður að baki þess að hafa 12 stjórnarmenn voru útskýrðar en þær eru til að tryggja breiðari fjölda aðildarsveitarfélaga við stjórnarborðið.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

6. Breytingar á samþykktum,

Engar tillögur að breytingum á samþykktum hafa verið lagðar fyrir aðalfund.

7. Kosning formanns stjórnar, annarra stjórnarmanna og varastjórnar til tveggja ára,

Ragnar Sigurðsson, formaður kjörnefndar, óskaði eftir að taka við fundarstjórn undir þessum lið þar sem Guðmundur Haukur er í framboði til stjórnar. Ekki voru mótbárur við þeirri tillögu.

Ragnar kynnti tillögur kjörnefndar að formanni, aðalstjórn og varastjórn fyrir tímabilið 2026-2028.

Lagt var til að stjórnina skipuðu eftirtaldir:

Formaður

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Tillaga um að Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði formaður Samtaka orkusveitarfélaga var borin til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Aðalstjórn

- Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð
- Ísleifur Jónasson, Ásahreppi
- Jónína Brynjólfsdóttir, Múlapingi
- Karólína Helga Símonardóttir, Hafnarfjarðarbæ
- Knútur Emil Jónasson, Þingeyjarsveit
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþingi ytra

Varastjórn

- Gunnlaugur Kárason, Reykjanesbæ
- Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
- Rebekka Lind Guðmundsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi
- Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð
- Unnur Brá Konráðsdóttir, Borgarbyggð

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa í aðal- og varastjórn var lögð fyrir aðalfund til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna

Guðmundur Haukur tók aftur við stjórn fundar.

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Jóhannes Á. Jóhannesson og Þórdís Sveinsdóttir starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Tillögur um skoðunarmenn samþykktar samhljóða.

9. Kosning kjörnefndar (þrír aðalmenn og þrír varamenn)

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar að aðal- og varamönnum í kjörnefnd Samtaka orkusveitarfélaga fyrir tímabilið 2026-2028.

Aðalmenn

- Ragnar Sigurðsson, Fjarðabyggð, formaður
- Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþingi ytra
- Jóhanna Hreinsdóttir, Kjósarhreppi

Varamenn

- Árni Eiríksson, Flóahreppi
- Eyrún Fríða Árnadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður
- Rebekka Hilmarsdóttir, Vesturbyggð

Tillagan samþykkt samhljóða.

10. Mál sem stjórn samtakanna, einstakir fulltrúar eða sveitarstjórnir óska að tekin verði fyrir.

Ályktun aðalfundar

Fundarstjóri kynnti tillögu að ályktun aðalfundar um afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati.

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga, haldinn 21. ágúst 2026, skorar á ríkisstjórn og Alþingi að ljúka fyrir árslok 2026 afgreiðslu frumvarps um afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati.

Núgildandi undanþága leiðir til þess að stór hluti þeirra mannvirkja sem nýtt eru við orkuframléiðslu greiðir ekki fasteignaskatt til þeirra sveitarfélaga þar sem mannvirkin eru staðsett og áhrif starfseminnar koma fram. Slík skipan er ósanngjörn gagnvart nærsamfélögum orkuvinnslu og samræmist illa þeirri meginreglu að fasteignaskattur sé lagður á fasteignir óháð því hvers konar atvinnustarfsemi fer þar fram.

Afnám undanþágunnar er mikilvægt skref í þá átt að tryggja að nærsamfélög orkuvinnslu njóti sanngjarns og varanlegs ávinnings af þeirri auðlindanýtingu og umfangsmiklu innviðauppbýggingu sem fer fram innan marka þeirra. Jafnframt er um að ræða mikilvæga styrkingu á sjálfstæðum tekjustofnum sveitarfélaga.

Málið hefur verið lengi til umfjöllunar og fyrir liggur umfangsmikil vinna stjórnvalda, sveitarfélaga og annarra hagaðila. Drög að frumvarpi voru lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda fyrr á árinu og hafa Samtök orkusveitarfélaga fagnað þeirri vinnu, enda hefur afnám undanþágunnar verið eitt helsta baráttumál samtakanna frá stofnun þeirra árið 2011.

Aðalfundurinn telur brýnt að þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram verði fylgt eftir án frekari tafa. Tryggja þarf að frumvarpið verði lagt fram og afgreitt á Alþingi svo nauðsynleg lagabreyting geti tekið gildi eins fljótt og unnt er.

Við endanlega útfærslu laganna verði jafnframt tryggt:

- að fasteignaskattur af orkumannvirkjum renni með skýrum og sanngjörnum hætti til þeirra sveitarfélaga og nærsamfélaga sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslunni,
- að álagningarhlutfall fasteignaskatts verði 0,7%,
- að sveitarfélög verði ekki fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum vegna samspils breytinganna við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða svokallað hvalrekaákvæði,
- að fallið verði frá breytingum á skattlagningu stóriðju og slíkar hugmyndir ekki látnar tefja afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati.

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga hvetur ríkisstjórnina til að setja málið í forgang og Alþingi til að tryggja afgreiðslu þess fyrir árslok 2026. Eftir fimmtán ára baráttu Samtaka orkusveitarfélaga og áralanga vinnu innan stjórnkerfisins er tímabært að ljúka málinu og tryggja nærsamfélögum orkuvinnslu réttláta hlutdeild í þeim verðmætum sem þar verða til.

Umræður fóru fram undir þessum lið um hvaðan 0.7% markið komi. Útskýrt var að horft var til Noregs í því samhengi en þar er sú prósentutala notuð.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Jónína Brynjólfsdóttir bar fyrir kveðju frá Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur, fulltrúa í varastjórn samtakanna. Hún þakkar fráfarandi stjórn fyrir góð störf og sérstaklega fráfarandi formanni fyrir hennar góðu vinnu.

Fundarslit

Guðmundur Haukur þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og fráfarandi formanni fyrir hennar störf í þágu samtakanna og var henni færður blómvöndur. Auk þess þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum fyrir þeirra störf. Því næst afhenti hann nýkjörnum formanni stjórn fundarins.

Haraldur tók við stjórn fundar og þakkaði fyrir traustið. Hann þakkaði sömuleiðis fráfarandi formanni fyrir hennar störf. Haraldur kvaðst spenntur fyrir komandi starfstímabili hjá Samtökum orkusveitarfélaga og sleit fundi kl.13:51.